

Ed.

378. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umbóðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ráðherra Íslands hefir 1000 kr. á ári að eftirlaunum.

Nú hefir ráðherra gegnt embætti, er eftirlaun fylgja, áður en hann tók við ráðherradæmi, og heldur hann þá einnig óskertum rjetti til þeirra eftirlauna.

Hafi ráðherra verið á eftirlaunum, er hann tók við ráðherraembættinu, þá nýtur hann og þeirra, nema svo sje, að hann hafi haft eftirlaun fyrir

rekstur ráðherraembættis, því að þá fær hann ekki frekari eftirlaun en hann hafði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er 3. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903 jafnframt feld úr gildi.